



324. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ 25. nóvember 2024 kl. 16.00

Mætt:

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður á Teams, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE) á Teams, Guðrún Inga Sívertsen (GS) á Teams, Stefán Jóhannesson(SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ) á Teams.

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð. Brynja Guðjónsdóttir starfsmaður Afrekssviðs.

1. Nýtt fjármagn í afreksstarf

Umræða fór fram um hvernig nýju fjármagn í afreksstarf yrði stýrt og hvort eitthvað af því fari í gegnum Afrekssjóð. Ekki liggur það fyrir og ákveðið að einbeita sér að núverandi fjármagn sem Afrekssjóður hefur til ráðstöfunar.

2. Flokkun sérsambanda ÍSÍ í afreksflokka

Umræða fór fram um flokkun sérsambanda ÍSÍ í Afreksflokka. Gert er ráð fyrir að flokkun í Afrekssérsambönd og Verkefnasérsambönd haldist óbreytt frá fyrra ári að undanskildum þremur sérsamböndum.

JSÍ

JSÍ verður með óverulega alþjóðlega mótaþátttöku fullorðinna árið 2025 í keppni um stig á heimslista þar sem reynt er að vinna sér þátttökurétt á lokamóti á HM/EM. Sérsambandið hefur ekki uppfyllt viðmið Afrekssviðs um árangur ungmenna né fullorðinna á alþjóðavettvangi undanfarin ár.

Afrekssvið ÍSÍ metur JSÍ sem Verkefnasamband út frá gæðum og umfangi afreksstarfs sérsambandsins.

KAÍ

KAÍ verður með óverulega alþjóðlega mótaþátttöku fullorðinna árið 2025 í keppni um stig á heimslista þar sem reynt er að vinna sér þátttökurétt á lokamóti á HM/EM. Sérsambandið hefur ekki uppfyllt viðmið Afrekssviðs um árangur ungmenna né fullorðinna á alþjóðavettvangi undanfarin ár. Óvissa er um að hjá sérsambandinu verði aðili í amk. 50% stöðu afreksstjóra eða landsliðsþjálfara.

Afrekssvið ÍSÍ metur KAÍ sem Verkefnasamband út frá gæðum og umfangi afreksstarfs sérsambandsins.

BLÍ

BLÍ er með verulega alþjóðlega mótapátttöku fullorðinna en bæði A-landslið kvenna og karla að taka m.a. þátt í Silver League Evrópska Blaksambandsins(CEV) árið 2024 og 2025 auk Smáþjóðaleika.

BLÍ tók þátt í undankeppni EM árin 2018 og 2022 en hefur ekki tekið þátt í EM undanfarin ár heldur einbeitt sér að þátttöku í Silver League, þar sem reynt er að ná í stig á heimslista sem gefur sambandinu aukin tækifæri til að komast á lokamót EM en sambandið hyggst taka þátt í undankeppni árið 2026. BLÍ réð nýlega afreksstjóra í fullt starf og heldur úti afreksbúðum bæði fyrir 12-16 ára og 16-20 ára.

Afrekssvið ÍSÍ metur að hægt sé að fallast á að BLÍ flokkist sem Afrekssársamband út frá gæðum og umfangi afreksstarfs sársambandsins.

Stjórn Afrekssjóðs telur að þrátt fyrir að BLÍ hafi ekki tekið þátt í EM undanfarin ár, að sársambandið eigi að vera flokkað sem Afrekssársamband.

Ákvörðun um flokkun verður tekin samhliða úthlutun á næsta fundi.

3. Úthlutun vegna ársins 2025

Rædd var úthlutun í einstökum afreksþáttum og til sársambanda í heild.

Umræða fór fram um hvort KSÍ ætti að hljóta styrk úr Afrekssjóði. Stjórn var sammála um að þrátt fyrir að KSÍ sé eitt mesta afrekssársamband ÍSÍ fái það ekki styrk við þessa úthlutun. Staða KSÍ sé ólík öllum öðrum sársamböndum ÍSÍ. KSÍ styrkir félög innan sinna raða með fjárframlagi. KSÍ greiðir landsliðsfólki sínu í A-landsliðum karla og kvenna fyrir þátttöku í landsleikjum. Leikmenn yngri liða KSÍ greiða ekki fyrir landsliðspátttöku sína. KSÍ er með margfalda veltu á við öll önnur sársambönd og hefur verið með um 600mkr. í handbært fé undanfarin ár þrátt fyrir að sú fjárhæð hafi lækkað töluvert árið 2023 vegna tapreksturs.

Stjórn Afrekssjóðs gerir ráð fyrir að hluti af nýju fjármagni í afreksstarf muni renna til KSÍ vegna árangurs A-landsliðs kvenna.

Farið var yfir tillögur Afrekssviðs að styrkjum til sársambanda vegna verkefna einstaklinga og voru skilgreindar upphæðir settar á 41 einstaklinga og þriggja para hjá 16 sársamböndum: BFSÍ, BSÍ, DSÍ, FRÍ, FSÍ, GSÍ, ÍF, KLÍ, KRA, LSÍ, SKÍ, SKY, SSÍ, STÍ, TKÍ og PRÍ. Leggur Afrekssvið til að úthlutun til einstaklinga verði 46,3mkr. sem er svipuð fjárhæð og fór til einstaklinga á síðasta ári.

BG yfirgaf fundinn kl. 16.30.

ÞG yfirgaf fundinn kl. 16.37.

KSR var falið að fullvinna úthlutunarskjalið og senda stjórn til yfirferðar. Yrði næsti fundur ákveðinn í kjölfarið.

Fundi slitið kl. 17.18.